

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við  
úthlutun styrkja úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta Háskóla  
Íslands.**

**Flutt í Hátíðasal mánudaginn 31. ágúst 2020 kl. 16.30**

Góðir gestir nær og fjær. Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin hér í Hátíðasal Háskóla Íslands. Það er mér mikill heiður og ánægja að ávarpa þessa samkomu og sannarlega gleðilegt að geta haldið hana í núverandi samfélagsástandi þótt viðburðurinn sé með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár.

Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands var stofnaður árið 2008 og er tilgangur hans að styrkja framhaldsskólanema sem náð hafa afburða árangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands. Við úthlutun horfir stjórn sjóðsins einnig til árangurs á öðrum sviðum, svo sem í félagslífi, listum og íþróttum, en jafnframt til fjölbreyttra félagslegra aðstæðna því við vitum að það er ekki síður afrek að ná langt ef aðstæður hafa verið erfiðar, andleg líðan þungbær eða reynt hefur á að fóta sig í framandi umhverfi.

Með styrkjunum vill Háskóli Íslands viðurkenna þann frábæra árangur sem þið, styrkhafar, hafið náð og sýna að hann metur mikils hæfileika ykkar, áræði og þrautseigju til að skara fram úr. Um leið eiga styrkirnir að vera ykkur hvatning til dáða og enn frekari afreka.

Kæru styrkhafar. Með því að skrá ykkur nú til náms við Háskóla Íslands hefst nýr kafli í ævi ykkar þar sem þið fáið tækifæri til að

sökkva ykkur dýpra ofan í vísindi og fræði en áður. Ég er þess fullviss að kennarar og annað starfsfólk mun gera allt sem í þeirra valdi stendur til að leiðbeina ykkur og aðstoða.

Með því að gerast nemendur við Háskóla Íslands eruð þið ekki aðeins hluti af stærstu og öflugustu menntastofnun landsins, heldur fáið þið jafnframt aðgang að víðtæku alþjóðlegu samstarfsneti sem opnar ykkur fjölmörg tækifæri til að taka hluta af námi ykkar við virtustu háskóla vestan hafs og austan. Þetta er mögulegt vegna afar sterkrar stöðu Háskóla Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Hið góða orðspor Háskóla Íslands tryggir að nám ykkar og prófgráður munu njóta virðingar og opna ykkur margvísleg tækifæri í lífi og starfi.

Kæru styrkþegar. Háskólanám er krefjandi, það eru hindranir á veginum og ytri aðstæður stundum óhagstæðar. En þegar á brattann er að sækja er gott að vita til þess að enginn er eyland heldur er Háskólinn samfélag þar sem við höfum stuðning hvert af öðru. Ég vil því hvetja ykkur til að hafa sem mest samskipti við samnemendur ykkar og vonandi leyfa samfélagsaðstæður það sem fyrst að þið fáið að kynnast blómlegu félagslífi háskólasamfélagsins. Ég hvet ykkur ekki síður til að leita aðstoðar starfsfólks skólans ef eitthvað bjátar á.

Í háskólasamfélagi leggja allir sitt af mörkum til heildarinnar um leið og hver og einn axlar ábyrgð á eigin árangri. Við hér í Háskóla Íslands gerum ríkar kröfur til okkar sjálfra og höfum mikinn metnað fyrir hönd nemenda okkar.

Í dag er úthlutað í 13. sinn úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta. Þið sem hafið verið valin til að veita viðtöku styrkjum í ár fetið í fótspor glæsilegs hóps af hæfileikafólki sem sett hefur markið hátt og aukið hróður sinn og Háskólans innanlands sem utan. Ég efast ekki um að þið munið gera slíkt hið sama. Háskóli Íslands fagnar þeim liðsauka sem honum berst með ykkur og við væntum mikils af ykkur í framtíðinni.

Kæru styrkþegar. Ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar, sem hafa stutt við bakið á ykkur og eru að horfa á þessa athöfn, innilega til hamingju með árangurinn og hlakka til að fylgjast með vegferð ykkar innan Háskóla Íslands á næstu árum.

Takk fyrir.